

Mál nr. 195/2011

M
og
vátryggingafélagið X v/ húseigandatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda af völdum vatnsleka.

Gögn.

94. Málskot, móttakið 13.5.2011, ásamt fylgigögnum.

95. Bréf X, dags 19.5.2011.

Málsatvik.

Síðla sumars 2009 kom í ljós að gólfdukur í eldhúsi í húseign M var farinn að gúlpa og verða losaralegur við eldhúsbekk. Við nánari eftirgrennslan reyndist frárennslirör (4" steinrör) undir sökkli eldhúsvasks vera ónýtt með öllu frá vaskinum að millivegg að þvottahúsi og þarna hafi um langvarandi leka verið að ræða. Jafnframt voru heitavatns- og kaldavatnsrör að eldhúsvaski orðin ryðguð og pírdi úr kaldavatnslögninni þegar hreinsað var frá henni. Þurfti að brjóta upp gólf til að skipta um lagnir sem ónýtar voru. Í framhaldinu var svo skipt um eldhúsinnréttingu og gólfefni.

M hefur krafist bóta úr húseigandatryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.1 í skilmálum húseigandatryggingar X bætir vátryggingin tjón á vátryggðri eign af völdum vökva sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. Þá er tekið fram í gr. 3.3 að vátryggingin bæti ekki tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu.

Þegar litið er til þess hver var orsök þess tjóns sem varð á húseign M er vafalaust að ekki er um að ræða tjón sem varð við það að vatn hóf að streyma skyndilega og óvænt úr frárennslislögninni. Heldur var um að ræða langvarandi leka úr lögninni. Tjónið telst því ekki bótaskyldt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr húseigandatryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 7. júní 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.